

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Atvinnuveganefnd
Sendandi: Umhverfis-; orku- og loftslagsráðuneytið
Dagsetning: 01.06.2023
Málsnúmer: UMH22110151
Bréfalykill: 3.1

Efni: Umsagnir vegna 983. máls Raforkueftirlitið

Atvinnuveganefnd hefur óskað eftir minnisblaði umhverfis- orku-, og loftslagsráðuneytisins vegna umsagna sem bárust nefndinni um 983. mál - Raforkulög og Orku-stofnun (Raforkueftirlitið).

Elma Orkusviðskipti ehf.

Umsögnin gefur ekki tilefni til sérstakra viðbragða af hálfu ráðuneytisins.

Landsnet

Í umsögn Landsnets er almennt fjallað um raforkutilskipun ESB og þörfina á að tekið sé með nægjanlega skýrum hætti á valdsviði og valdheimildum eftirlitsins, auk þeirra grundvallarsjónarmiða og þess meginhlutverks sem eftirlitið á að hafa með höndum. Gerir Landsnet tillögu um breytingu á a-lið 9. gr. frumvarpsins í þeim tilgangi að ákvæði 24. gr. raforkulaga endurspegli ákvæði 36. og 37. gr. tilskipunar 2009/72/ESB.

Að mati ráðuneytisins er tillaga Landsnets í samræmi við 36. og 37. gr. tilskipunarinnar.

Þá bendir Landsnet á að í 2. mgr. 26. gr. raforkulaga samkvæmt frumvarpinu er fjallað um úrræði eftirlitsaðila tengd gjaldskrá. Landsnet telur að umrædd úrræði verði að vera bundin við Raforkueftirlitið þar sem því ber samkvæmt tilskipun 2009/72/EB að geta ákveðið eða samþykkt gjaldskrár dreifiveitna og flutningsfyrirtækisins.

Ráðuneytið tekur undir þessa ábendingu Landsnets.

Landsvirkjun, Orka náttúrunnar ohf, Samtök iðnaðarins

Í umsögnum framangreindra er almennt tekið undir mikilvægi þess að skerpa á sjálfstæði Raforkueftirlitsins. Þá er lýst sjónarmiðum í tengslum við önnur verkefni Raforkueftirlitsins og tengsl Raforkueftirlitsins og orkumálastjóra. Eftirfarandi eru viðbrögð ráðuneytisins.

Önnur verkefni

Sett eru fram sjónarmið þess efnis að dregið geti úr sjálfstæði Raforkueftirlitsins að heimilt sé að fela því önnur verkefni. Þess ber að geta að tilskipun 2009/72/ESB um sameiginlegar reglur á raforkumarkaði gerir ráð fyrir að hægt sé að fela Raforkueftirliti önnur verkefni á sviði t.a.m. á sviði orkuöryggis, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar, án þess að það dragi úr sjálfstæði þess.

Skýrt verði að vera að „kjarnaverkefni“ eftirlitsins verði að ganga framur öðrum verkefnum. Þá sé óljóst hver greiði kostnað vegna annarra verkefna.

Um þetta atriði vísar ráðuneytið til samráðskafla greinargerðarinnar.

Tengsl orkumálastjóra við Raforkueftirlitið

Í umsögnum er tilgreint að það kunnir að draga úr sjálfstæði raforkueftirlitsins að skrifstofustjóri sé skipaður af orkumálastjóra og að orkumálastjóri ráði annað starfsfólk Raforkueftirlitsins.

Ráðuneytið bendir á í greinagerð er fjallað um starfsreglur Raforkueftirlitsins og þann tilgang þeirra að tryggja sjálfstæði eftirlitsins. Þá er einnig gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um Raforkueftirlitið og hlutverk þess í reglugerð.

Að mati ráðuneytisins væri til þess fallið að styrkja sjálfstæði raforkueftirlitsins ef sérstök hæfnisnefnd fjallaði um hæfni umsækjenda í stöðu skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins. Líta mætti til 19. gr. laga um stjórnarráð Íslands.

Hvað varðar ráðningu starfsfólks við Raforkueftirlitið er það mat ráðuneytisins að tryggja megi í verklagsreglum að orkumálastjóri skuli fara að tillögu skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins við slíkt.

Aðrar ábendingar til Atvinnuveganefndar

- Í 6. gr. frumvarpsins er að vinna vísun til allnokkurra ákvæða, þar á meðal í 1. málslíð 2. mgr. 16. gr. Rétt er að í staðinn sé vísað til 2. málslíðar 2. mgr. 16. gr.
- Æskilegt er að fram komi að Raforkueftirlitinu beri að birta starfsreglur sínar.
- Mæla ætti fyrir um sjálfstæði Raforkueftirlitsins í störfum sínum þegar þar sinnir raforkueftirliti, ekki aðeins sjálfstæði í ákvörðunum. Þannig ætti í 2. gr. (3. gr. laga um Orkustofnun) og 4. gr. (3. gr. b raforkulaga) að fjalla um sjálfstæði Raforkueftirlitsins í störfum sínum þegar það sinnir raforkueftirliti. Jafnframt er þannig gætt samræmis við 1. gr. frumvarpsins.